

STÆR2HÖ05

Búið til: Wed, 12 Feb 2020 15:23:28 GMT

Titill

Stærðfræði í hönnun og listum

Skammstöfun

STÆR2HÖ05

Útgáfunúmer

111

Námsgrein

stærðfræði

Viðfangsefni

Stærðfræði í hönnun og listum

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er stærðfræði kynnt í nýju ljósi og lögð áhersla á þá þætti hennar sem tengjast listum og hönnun.

Meðal þess sem skoðað er: Fibonacci, gullinsnið, margflötungur - Origami - Tilings, fractals, snúningar - hliðrun - færslur, stærðfræði í arkitektúr.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Pýþagórasarreglu um rétthyrnda þríhyrninga
- Fibonacci talnarunnunni
- Gullinsniði
- Snúningum, hliðrun og færslu
- Margflötungum, Origami, Tilings og Fractals

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita Pýþagórasarreglu til að reikna út stærðir
- Reikna út og mæla hlutföll í gullinsniði
- Spegla, snúa og hliðra formum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt.
- Átta sig á tengslum stærðfræðilegra hugmynda við náttúru og listir

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

